

Þriðjudagurinn 28. apríl 1998 kl. 14:00

110. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 14/1998

**Kvartanir Vöruhappdrættis SÍBS yfir auglýsingum
Happdrættis Háskóla Íslands**

I.

Erindin

1.

Auglýsing HHÍ sem birtist 9. janúar 1998

Samkeppnisstofnun barst erindi, þann 9. janúar 1998, frá auglýsingastofunni Hér og nú. Í erindinu kvartar auglýsingastofan fyrir hönd Vöruhappdrættis SÍBS (SÍBS) yfir auglýsingu Happdrættis Háskóla Íslands (HHÍ) sem birtist í Morgunblaðinu þann sama dag.

Auglýsing HHÍ sem SÍBS kvartar yfir er með fyrirsögninni „*Milljónavinningar 1997.*“ Síðan segir: „*Horfðu á árið í heild þegar þú sækist eftir milljónum. Hér eru góðar fréttir fyrir þá sem vilja vinna sannleikanum samkvæmt, birtar að gefnu tilefni.*“ Þá er í auglýsingunni tafla yfir vinninga samtals að fjárhæð kr. 151.320.000 hjá HHÍ og kr. 12.000.000 hjá SÍBS.

Í erindi SÍBS segir: „*Happdrætti Háskóla Íslands birtir auglýsingu í Morgunblaðinu í dag þar sem vegið er að Happdrætti SÍBS á grófari hátt en undirrituð hefur áður séð í auglýsingum hér á landi.*“

Þar er upplogin tafla yfir vinninga Happdrættis SÍBS á síðasta ári og þar á ofan villandi framsetning.

Ég nefni eitt dæmi úr auglýsingunni máli mínu til sönnunar, önnur verða að biða vegna tímaskorts:

Í auglýsingunni segir t.d. að enginn vinningur hafi fallið í SÍBS í fjölda mánaða, m.a. september og október. Fjöldi vinninga var að sjálfsögðu greiddur út í öllum mánuðum. Í september var einn þessara vinninga að

upphæð þrjár milljónir króna og í október var einn af greiddum vinningum að upphæð ein milljón króna.

Dregið verður í Happdrætti SÍBS 14. janúar nk. Umræddri auglýsingu er bersýnilega ætlað að skaða happdrættið og ætla má að það takist ekki síst vegna þess að frestur til leiðréttinga er nánast enginn miðað við venjulega afgreiðslu þessara mála.“

Með erindinu fylgdi yfirlýsing frá SÍBS þar sem staðfest er að fyrsti vinningur í september og október 1997 hafi gengið út til viðskiptavina happdrættisins.

2.

Auglýsing HHÍ sem birtist 5. janúar 1998 og auglýsingabæklingur HHÍ

Í svari SÍBS, dags. 15. janúar, vegna annars máls sem er fyrir samkeppnisráði koma jafnframt fram athugasemdir við auglýsingu HHÍ og auglýsingabækling happdrættisins. Auglýsingin sem m.a. birtist í DV þann 5. janúar er með fyrirsögninni „*Hringdu núna og settu heppnina á kortið*“. Í kvörtun SÍBS segir að í auglýsingunni komi fram að fyrir 700 kr. sé fyrirhafnarlaust hægt að tryggja sér „*möguleika á tugum milljóna króna í Happdrætti Háskólans*“. Þetta sé ekki rétt þar sem hæsti vinningur HHÍ á einfaldan miða sé fimm milljónir kr. í desember og þá þurfi miðinn að hafa verið greiddur allt árið. Þá er gerð athugasemd við að í sömu auglýsingu HHÍ hafi verið gefið í skyn að á árinu 1997 hafi miðaeigandi fengið 35 milljónir kr. fyrir 700 kr. á mánuði. Í raun hafi vinningshafinn átt trompmiða og tvo miða til viðbótar á sama númeri. Þessa framsetningu telur SÍBS vera villandi.

Jafnframt vitnar SÍBS til auglýsingabæklings HHÍ sem er með fyrirsögninni: „*Þú átt mestu möguleikana og von á hæstu vinningunum*“. SÍBS telur að í bæklingnum komi fram áþekkar fullyrðingar og í auglýsingunni og þar séu: „*...a.m.k. tvær aðrar fullyrðingar sem eru villandi. Annars vegar fullyrðingin „Þú átt mestu möguleikana“. Eins og stendur í bæklingnum er í HHÍ „Aðeins dregið úr 60.000 númerum. Yfir 30.000 vinningsnúmer á ári.“* Í *Vöruhappdrætti SÍBS* eru útgefnir miðar, sem dregið er úr, 75.000 og vinningar eru alls 75.391. Mestu möguleikarnir eru því ekki í HHÍ.

Hins vegar er fullyrðing þar sem tveimur óskildum hlutum er blandað saman: „70% vinningshlutfall. Ekkert íslenskt happdrætti greiðir meira út í vinninga.“

Vinningshlutfall SÍBS er 75,2%, en vinningshlutfall og upphæð útgreiddra vinninga eru tveir ólíkir hlutir. HHÍ hefur mun hærri veltu en Vöruhappdrætti SÍBS og greiðir því hærri heildarupphæð til viðskiptavina sinna (og fær hærri upphæðir frá viðskiptavinum sínum.“

II.

Málsmeðferð

1.

Auglýsing HHÍ sem birtist 9. janúar 1998

1.1.

Sama dag og erindi SÍBS barst Samkeppnisstofnun boðsendi stofnunin það til HHÍ og óskaði eftir umsögn. Jafnframt var þess farið á leit við HHÍ að auglýsingin yrði ekki birt aftur þar til niðurstaða Samkeppnisstofnunar lægi fyrir. HHÍ var veittur frestur til hádegis þann 14. janúar til að svara erindinu.

Síðdegis þennan sama dag, 9. janúar 1998, barst Samkeppnisstofnun bréf frá HHÍ þar sem sagði m.a.: „Í dag hefur HHÍ borist ábending um talnavillu í auglýsingu happdrættisins sem birtist í dag, en auglýsingin sýnir fjölda stærstu vinninga í happdrættunum á sl. ári þ.e.a.s. milljónavinninga.

Happdrættinu er mikið í mun að hafa ávallt það sem réttast reynist í auglýsingum sínum og hefur þegar gert ráðstafanir til að auglýsingin verði birt leiðrétt á jafn áberandi hátt og í dag í laugardagsútgáfu Morgunblaðsins...

Skýring mistaka í auglýsingunni í dag liggur í því að mislesið var í vinningaskrá Vöruhappdrættis SÍBS að hæsti vinningur hefði verið kr. 1.000.000 í stað kr. 5.000.000 í desembermánuði 1997...“

Bréf HHÍ er jafnframt kvörtun yfir auglýsingu SÍBS sem birst hafði þann 6. janúar 1998 og er fjallað um þá kvörtun í annarri ákvörðun samkeppnisráðs. Samkeppnisstofnun sendi bréf HHÍ til auglýsingastofunnar Hér og nú samdægurs.

Þrátt fyrir fyrirnefnd tilmæli Samkeppnisstofnunar til HHÍ um að auglýsingin birtist ekki aftur fyrr en niðurstaða Samkeppnisstofnunar lægi fyrir birtist hún í Morgunblaðinu, þann 10. janúar. Þá hafði vinningum SÍBS í september og október verið bætt við frá fyrri auglýsingu. Jafnframt kom fram með smáu lettri að auglýsingin væri endurbirt vegna villu.

1.2.

Í kjölfar bréfs HHÍ, dags. 9. janúar, og endurbirtingar auglýsingarinnar sendi Samkeppnisstofnun happdrættinu athugasemdir þann 12. janúar 1998. Í athugasemdunum segir: „Í framhaldi af kvörtun auglýsingastofunnar Hér og nú yfir auglýsingu Hæddráttis Háskóla Íslands í Morgunblaðinu sem birtist þann 9. janúar sl., undir yfirskriftinni milljónavinningar 1997, og svars yðar dags. sama dag vill Samkeppnisstofnun vekja athygli yðar á 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, en hún hljóðar svo...

Þá vill Samkeppnisstofnun taka eftirfarandi fram:

1. *Í auglýsingunni og leiðréttingu sem birtist 10. janúar segir m.a. „Milljónavinningar 1997. Horfðu á árið í heild...“. Í samanburðartöflum auglýsinganna er síðan einungis yfirlit yfir hæstu vinninga happdrættanna, þ.e. vinninga að verðmæti kr. 1.000.000 eða meira, sem greiddir voru út á árinu 1997. Að mati Samkeppnisstofnunar er framsetning auglýsingarinnar villandi í skilningi samkeppnislaga þar sem ekki kemur fram í auglýsingunni að hún sýni einungis hluta útgreiddra vinninga.*
2. *Í auglýsingunni er tekið fram í dálkinum um Vöruhæddrátti SÍBS fyrir janúar og desembermánuð, að vinningar færast milli mánaða. Það er ekki tekið fram í þeim mánuðum sem vinningar gengu ekki út. Að mati Samkeppnisstofnunar er það villandi í skilningi samkeppnislaga.*
3. *Þá er gefið í skyn í dálkinum, „vinningur í kr. hjá HHÍ“, að vinningur t.d. í janúar hafi verið 1.000.000 á trompmiða. Í raun var vinningurinn kr. 200.000. En þar sem vinningurinn kom á trompmiða var vinningurinn greiddur fimm sinnum. Að mati Samkeppnisstofnunar er sú framsetning villandi í skilningi 21. gr. samkeppnislaga, að kalla kr. 200.000 vinning á trompmiða, kr. 1.000.000 vinning. Hjá SÍBS geta einhverjir hafa átt marga miða og fengið meira en kr. 1.000.000 í einstökum drætti. Slíkur samanburður er því ósanngjarn gagnvart keppinauti sbr. 21. gr. samkeppnislaga.*

Samkeppnisstofnun fer þess á leit við Hæddrátti Háskóla Íslands að ef til stendur að birta framangreinda auglýsingu aftur, að henni verði breytt til samræmis við framangreindar athugasemdir. Að öðrum kosti má búast við að málið verði lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar sbr. 51. gr. samkeppnislaga.

Ef Happdrættið hefur athugasemdir fram að færa við framangreint, verða þær að hafa borist Samkeppnisstofnun innan viku frá dagsetningu þessa bréfs. “

Hér og nú var sent afrit af athugasemdum Samkeppnisstofnunar sem aðila málsins.

1.3.

Þann 12. janúar, á sama tíma og bréf Samkeppnisstofnunar var boðsent HHÍ, barst stofnuninni annað erindi happdrættisins. Erindið var frekari kvörtun yfir auglýsingu SÍBS en þar sagði jafnframt um þetta mál: „...ákvað happdrættið að bregðast þegar í stað við ábendingu um missögn í auglýsingu þess sem birt var... 9. janúar. Heilsíðuauglýsing var birt í laugardagsblaði Morgunblaðsins og í henni tekið skýrt fram að um leiðréttingu væri að ræða vegna fyrri auglýsingar...

Eins og kunnugt er fjallaði auglýsing HHÍ sl. föstudag einvörðungu um vinninga sem hljóðuðu upp á eina milljón eða meira. Þetta kemur skýrt fram í fyrirsögnum, texta og upptalningu. Þessi auglýsing var birt til að reyna að leiðrétta fjölmargar rangfærslur sem fram komu í auglýsingu á vegum Vöruhappdrættis SÍBS í Morgunblaðinu 6. janúar sl. Sú auglýsing fjallaði nær eingöngu um milljónavinninga. “

1.4.

Með símbréfi, dags. 12. janúar, gerir Gestur Jónsson hrl. athugasemdir, fyrir hönd HHÍ, við bréf Samkeppnisstofnunar dagsett sama dag. Þar segir m.a.: „Í ljósi fyrri samskipta aðila (fyrir helgi) verð ég að lýsa furðu á því sem stofnunin tekur fram í tilvitnuðu bréfi sínu enda ber það þess merki að ekki hafi verið leitað réttra upplýsinga um staðreyndir, heldur gagnrýnislaust tekið við athugasemdum frá samkeppnisáðila HHÍ. “

Um fyrsta tölulið athugasemda Samkeppnisstofnunar segir hann augljóst: „að verið er að bera saman þá vinninga í happdrættunum sem ná milljóninni. Ég held að öllum sé ljóst að ekki eru allir vinningar happdrættanna milljónavinningar. Vandséð er að það mat stofnunarinnar að auglýsingin sé „villandi“ að þessu leyti styðjist við nokkur rök. “

Um annan tölulið athugasemda stofnunarinnar, þ.e. færslu vinninga milli mánaða hjá SÍBS, segir: „Sjálfsagt er að HHÍ birti auglýsinguna leiðrétta með tilliti til þessarar athugasemdar. “

Um þriðja lið athugasemdanna, trompvinninga, segir að stofnunin hafi sett fram fullyrðingu sem sé „beinlínis röng. Trompmiðar mynda sjálfstæða vinningaskrá. Það er rangt að HHÍ kalli kr. 200.000 vinning á trompmiða milljónavinning. Vinningurinn er einfaldlega kr. 1.000.000 á einn miða, trompmiða. Samanburður við aðila sem á marga miða í SÍBS og getur fengið marga vinninga er fráleitur og ekki boðlegur Samkeppnisstofnun.“

Að lokum segir: „Það er einlæg ósk umbj. míns að eiga góð samskipti við Samkeppnisstofnun og taka tillit til sanngjarnra athugasemda sem þaðan koma. Það er hins vegar mikið alvörumál ef stofnunin lætur frá sér skrifleg erindi, sbr. afrit það sem sent var auglýsingastofunni Hér og nú, með staðhæfingum sem eru beinlínis rangar. Það er ósk umbj. míns að þess verði gætt í framtíðinni að stofnunin láti ekki frá sér athugasemdir varðandi starfsemi hans án þess að honum gefist kostur á því að gera athugasemdir.“

1.5.

HHÍ sendi einnig erindi til Samkeppnisstofnunar, dags. 13. janúar sl., undir yfirskriftinni „leyfileg auglýsing“. Þar óskaði HHÍ eftir svari við því hvort auglýsing sem fylgdi erindinu fullnægði kröfum stofnunarinnar og ef ekki þá hvers vegna.

Auglýsingin sem HHÍ leitar áhlits Samkeppnisstofnunar á er útfærsla á auglýsingunum sem birtust 9. og 10. janúar en að auki er bætt við texta sem er eins og þar segir: „Til upplýsinga fyrir fyrirsvarsmenn Samkeppnisstofnunar og Vöruhappdrættis SÍBS“. Sá texti er svo til samhljóða athugasemdum sem HHÍ hefur komið á framfæri við Samkeppnisstofnun í máli þessu, einungis framsettur í dagblaðsauglýsingu, og verður svarað eftir því sem við á.

1.6.

Hinn 14. janúar sl. barst Samkeppnisstofnun bréf frá HHÍ sem sagt var svar við erindum stofnunarinnar frá 9. og 12. janúar. Í bréfinu er vísað til kvörtunar SÍBS og segir: „Brugðist var við með því að stofna til birtingar leiðréttrar auglýsingar næsta dag. Var yður tilkynnt þetta bæði bréflega og munnlega sama dag.“

Þá er vísað til þess að í kvörtun SÍBS komi fram að fjöldi vinninga hafi verið greiddur út í öllum mánuðum og segir: „Undirritaður tekur heilshugar undir þessa fullyrðingu þ.e.a.s. að það hafi **að sjálfsögðu** verið greiddir út fjöldi

vinninga í öllum mánuðum. Vinningaskrár flokkahappdrættanna eru það vel þekktar að menn vita að fjárhæðir vinninga í hverjum mánuði eru frá nokkrum þúsundum króna upp í milljónir króna og jafnframt að fjöldi smærri vinninga er margfalt meiri en hinna stærstu. Í umræddri auglýsingu kemur rækilega fram að aðeins er verið að fjalla um vinninga ársins sem ná fjárhæðinni 1 m. kr. og ekki látið að því liggja að ekki sé um aðra vinninga að ræða í happdrættunum. Ekkert tilefni var fyrir undirritaðan að gera athugasemd við þessa setningu í bréfi auglýsingastofunnar.

Í bréfi auglýsingastofunnar Hér og nú segir: „Ég nefni eitt dæmi úr auglýsingunni máli mínu til sönnunar, önnur verða að bíða vegna tímaskorts:“

Undirritaður hefur ekki enn séð frekari dæmi sem boðuð eru í bréfinu og þar af leiðandi ekki átt þess kost að tjá sig um þau.

*Um fyrsta tölulið athugasemda Samkeppnisstofnunar frá 12. janúar segir: „Undirritaður vill hér með mótmæla mati Samkeppnisstofnunar eins og það kemur hér fram. Í auglýsingunni kemur skýrt fram að verið er að fjalla um einstaka vinninga sem eru að verðmæti kr. 1.000.000 eða meira – fyrirsagnir segja þetta og tölur í töflum bera þetta með sér. Vegna leturbreytingar í bréfi stofnunarinnar skal tekið fram að „árið í heild“ þýðir á íslensku **allt árið** og ekkert annað.*

Það er úmælisvert og að mati undirritaðs mjög alvarlegt brot þegar stofnun sem hefur opinbert eftirlits- og úrskurðarhlutverk beitir hreinum útúrsnúningum á íslensku máli í rökstuðningi sínum og framsetningu.

*Um annan tölulið athugasemda Samkeppnisstofnunar segir: „Það er rangt að í auglýsingunni komi fram í „dálkinum um Vöruhappdrætti SÍBS fyrir janúar og desembermánuð, að vinningar færist milli mánaða“. Í auglýsingunni er sagt að umtalsverðar fjárhæðir flytjist **milli ára**.*

Sem kunnugt er eru bæði flokkahappdrættin sem hér um ræðir árshappdrætti. vöruhappdrætti SÍBS virðist telja það sér til tekna að uppsafnaður hæsti vinningur flytjist milli ára. Við gerð auglýsingarinnar þótti sjálfsgagt að fram kæmi að 6 m. kr. flyttust til ársins 1998. Vöruhappdrættið hefur lagt mikla áherslu á þetta atriði. Til samræmis var í raun óhjákvæmilegt að fram kæmi að hluti janúarvinnings 1997 væri fluttur frá fyrra ári.

*Í upphaflegri gerð auglýsingarinnar var tekið fram um flutning vinninga milli mánaða innan ársins. Með hliðsjón af því að óuppsafnaðir vinningar í Vöruhappdrætti SÍBS eru í flestum mánuðum „aðeins“ 1. m. kr. en 2. m. kr. í HHÍ þótti ekki rétt að leggja áherslu á þetta atriði. Ef sú leið hefði verið farin að gera ávallt grein fyrir þeim „safnvinningum“, sem **ekki** gengu út, hefði þurft að bæta við 42 innfærslum (32 vegna einfaldra miða og 10 vegna trompmiða) í dálk vegna HHÍ.*

Að ofangreindu ætti að vera ljóst að ef farið verður að ábendingu Samkeppnisstofnunar um þetta atriði getur það aðeins sett Vöruhappdrætti SÍBS í lakara ljós.“

Um þriðja tölulið athugasemda Samkeppnisstofnunar segir: „Það er rangt að listaður 1.000.000 kr. vinningur á trompmiða hafi í raun verið 200.000 kr. vinningur. Samkvæmt vinningaskrá HHÍ voru í boði 52 einnar m. kr. vinningar á trompmiða á árinu 1997. Umræddur vinningur er einn þessara vinninga. Skýrt er tekið fram í töflu að um trompmiðavinning sé að ræða.“

Í bréfi HHÍ eru einnig gerðar athugasemdir um málsmeðferð Samkeppnisstofnunar. Þar er í fyrsta lagi talið að stofnunin hafi með því að senda kvartanda afrit af bréfi stofnunarinnar 12. janúar gerst sek um „stórkostlegt brot“ sem kostað hafi HHÍ stórar fjárhæðir. Í öðru lagi hafi Samkeppnisstofnun brotið jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga. Í þriðja lagi krefst HHÍ þess að stofnunin birti yfirlýsingu um að hún hafi gert mistök við meðferð málsins.

1.7.

Þann 15. janúar sl. sendi Samkeppnisstofnun HHÍ bréf þar sem málsmeðferð stofnunarinnar var lýst. Þar kom jafnframt fram að þar sem athugasemdir hefðu borist frá HHÍ við álitni stofnunarinnar frá 12. janúar yrði málið tekið fyrir í auglýsinganefnd, ráðgjafarnefnd samkeppnisráðs, og að því loknu færi það til ákvörðunar hjá samkeppnisráði.

1.8.

Í bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 15. janúar, svarar Páll Arnór Pálsson hrl. kvörtun á hendur SÍBS. Þar er einnig vikið að þessu máli. Lögmaðurinn rekur upphaf kvörtunar SÍBS og segir um auglýsingu HHÍ: „Taflan er ekki skýrð út og út úr henni er ekki hægt að greina hvað er verið að bera saman. Taflan er óskilgreind og villandi. Jafnvel þó einhverjir gætu hugsanlega, eftir nákvæma

ígrundun á auglýsingunni, dregið þá ályktun að um samanburð á vinningum sem eru ein milljón eða meira væri að ræða þá gengi það ekki upp þar sem 200.000 króna trompvinningar eru taldir sem vinningar að andvirði ein milljón og sleppt er að geta þess að vinningar Vöruhappdrættis SÍBS að verðmæti ein milljón króna færast á milli mánaða ef þeir ganga ekki út. Auk þess var ekki greint frá 3. milljóna vinningi í september og einnar milljón króna vinningi í október hjá Vöruhappdrætti SÍBS.

Faglegt mat auglýsingastofunnar Hér og nú... var á þá leið að þar sem taflan væri óskilgreind drægju margir ef ekki flestir lesendur auglýsingarinnar þá ályktun að um einhvers konar samanburð á HHÍ og Vöruhappdrætti SÍBS væri að ræða. Við lestur auglýsingarinnar má draga þá ályktun að Vöruhappdrætti SÍBS sé ekki með nokkra vinninga átta mánuði af tólf og að hjá HHÍ séu 151.320.000 krónur í boði en aðeins 12.000.000 krónur hjá Vöruhappdrætti SÍBS.“

Í niðurlagi bréfs SÍBS eru rakin viðbrögð auglýsingastofunnar Hér og nú til að reyna að koma í veg fyrir að auglýsing HHÍ frá 9. janúar yrði birt aftur. SÍBS telur að seinni birting HHÍ hafi gert illt verra „þar sem sagt var að auglýsingin hafi verið leiðrétt voru neytendur gróflega blektir þar sem leiðrétting á einu atriði gaf öðrum villandi og misvísandi upplýsingum í auglýsingunni aukinn trúverðugleika.“ Þá kemur jafnframt fram að SÍBS telur að auglýsingar HHÍ hafi valdið happdrættinu tjóni þar sem sala hafi dregist saman eftir að þær birtust.

1.9.

Þá hefur Samkeppnisstofnun borist bréf HHÍ, dags. 22. janúar 1998, þar sem vísað er til bréfs stofnunarinnar um málsmeðferð frá 15. janúar. Þar er því mótmælt að bréf HHÍ, dags. 9. janúar, hafi verið umsögn happdrættisins þar sem frestur til að skila umsögn hafi ekki verið runninn út. Í bréfi HHÍ kemur ekki fram hvernig túlka beri þann hluta bréfs happdrættisins frá 9. janúar sem fjallar um þetta mál. Þá er í bréfinu borinn saman vinnumáti Samkeppnisstofnunar, annars vegar við kvörtun SÍBS yfir HHÍ og hins vegar kvörtun HHÍ yfir SÍBS. Telur HHÍ að Samkeppnisstofnun hafi ekki gætt jafnræðis við meðferð málanna. Jafnframt spyr HHÍ hvort þau atriði sem stofnunin gerir athugasemdir við í bréfi 12. janúar hafi verið tekin upp að eigin frumkvæði.

1.10.

Í bréfi HHÍ, dags. 24. janúar, þar sem fram koma frekari athugasemdir vegna auglýsinga SÍBS er einnig vikið að athugasemdum lögmanns SÍBS frá 15. janúar um þetta mál. HHÍ vitnar til þess að í svari SÍBS komi fram að happdrættið hafi reynt að koma í veg fyrir að auglýsing HHÍ yrði endurbirt eftir að bóúð var að bæta inn vinningum frá september og október. Fram kemur að HHÍ hafi hvorki tilkynnt auglýsingastofnunni Hér og nú né SÍBS um fyrirhugaða leiðréttingu. Það hafi hinsvegar verið tilkynnt til Samkeppnisstofnunar. Síðan segir: „*Spurning vaknar um það hvaðan nefndir aðilar fengu sínar upplýsingar. Hér með er óskað eftir upplýsingum um það hvort Samkeppnisstofnun kom vitneskju sinni þegar í stað til ofangreindra aðila.*“

Um faglegt mat auglýsingastofu SÍBS tekur HHÍ fram: „*Umrædd auglýsing „Milljónavinningar 1997“ var mjög skýrt upp sett. Í öllum atriðum bar hún með sér að hún væri upplýsing um vinninga sem næðu milljón kr. að verðmæti...*“

2.

Auglýsing HHÍ sem birtist 5. janúar 1998 og auglýsingabæklingur HHÍ

Í bréfi frá 24. janúar sl. kemur HHÍ m.a. á framfæri athugasemdum varðandi auglýsingu happdrættisins frá 5. janúar. Um það að fyrir 700 krónur á mánuði geti maður tryggt sér möguleika á tugum milljóna króna segir HHÍ: „*röng filma var afhent blöðunum. Það hafði verið niðurstaða í lok síðasta árs hjá auglýsendum HHÍ að meiri auglýsingamáttur fælist í orðalagi sem áréttaði að þátttakendur ættu í hverjum einstökum mánuði möguleika á milljónavinningum fyrir 700 kr. framlag og að eldra orðalag yrði ekki notað frekar. Þetta breytir engu um það að texti auglýsingarinnar er og var réttur.*“

3.

Þann 2. febrúar sl. voru SÍBS og HHÍ send afrit allra gagna sem höfðu borist Samkeppnisstofnun í þessu kvörtunarmáli og happdrættunum gefið tækifæri til að koma að lokaathugasemdum eða skýringum.

3.1.

Í bréfi, dags. 5. febrúar frá HHÍ er ítrekað að í bréfi Samkeppnisstofnunar frá 12. janúar komi fram atriði sem ætla megi að stofnunin hafi tekið upp að eigin frumkvæði. Jafnframt er ítrekað að HHÍ hafi ekki sent Samkeppnisstofnun umsögn um kæru SÍBS þann 9. janúar heldur hafi hún verið send 14. janúar. Þá

telur HHÍ að happdrættið hafi ekki fengið að tjá sig um athugasemdir stofnunarinnar sem þeim voru sendar 12. janúar.

3.2.

Í bréfi, dags. 6. febrúar frá lögmanni SÍBS kemur fram að happdrættinu finnist nóg komið að sinni og láti við svo búið standa.

III.

Álit auglýsinganefndar

Auglýsinganefnd, ráðgjafarnefnd samkeppnisráðs, hefur fjallað um kvartanir SÍBS yfir auglýsingum HHÍ á þremur fundum, þann 29. janúar, 30. mars og 21. apríl. Ítarlega hefur verið farið yfir gögn málsins og hefur nefndin komist að eftirfarandi niðurstöðu:

1.

Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga, telur auglýsinganefnd að auglýsing HHÍ sem birtist þann 9. janúar 1998, og lítið breytt 10. janúar, í Morgunblaðinu, með aðalfyrirsögninni „*Milljónavinningar 1997*“, sé villandi. Þessi niðurstaða grundvallast á eftirfarandi:

1. Af gögnum málsins má sjá að HHÍ telur að aðalfyrirsögn auglýsingarinnar, „*Milljónavinningar 1997*“, sýni að auglýsingin fjalli eingöngu um vinninga happdrættanna tveggja að fjárhæð ein milljón eða hærri. Mat auglýsinganefndar er að aðalfyrirsögnin sé það almennt orðuð að hún geti allt eins, og ekki síður, átt við samtölu allra vinninga ársins 1997. Aðalfyrirsögnin er því villandi.
2. Auglýsinganefnd telur að undirfyrirsögnin „*Horfðu á árið í heild þegar þú sækist eftir milljónum*“ útskýri aðalfyrirsögnina ekki frekar. Hún gefur til kynna að vinningar séu einungis taldir í milljónum hjá HHÍ og SÍBS. Fyrirsögnin í heild er því villandi.
3. Auglýsinganefnd telur að ekki sé hægt að ganga út frá því að neytendur þekki vinningaskrár happdrættanna það vel að þeir viti að vinningar séu fleiri en sýndir eru í auglýsingunni.
4. Í auglýsingunni segir: „*Hér eru góðar fréttir fyrir þá sem vilja vinna sannleikanum samkvæmt, birtar að gefnu tilefni.*“ Auglýsinganefnd telur að fyrri hluti fullyrðingarinnar sé það almennt orðaður að ekki sé ástæða til að gera athugasemdir við hann. Seinni hluti fullyrðingarinnar er tvíræður og

veldur vafa hjá neytendum um sannleiksgildi einhvers ótilgreinds sem birt hafi verið. Þrátt fyrir það telur auglýsinganefnd ekki tilefni til athugasemda vegna þessarar fullyrðingar.

5. Í samanburðartöflum er í maí hjá HHÍ og í átta mánuði hjá SÍBS sagt að vinningar/verðmæti vinninga sé „*enginn*“. Í raun var greiddur út fjöldi vinninga í báðum happdrættum í öllum mánuðum en vinningar að verðmæti ein milljón og hærri gengu ekki út í þessum mánuðum. Auglýsinganefnd telur að framsetning sem skilja má svo að enginn vinningur hafi fallið í þessum mánuðum sé villandi. Sjá nánar lið 6 hér á eftir.
6. Eins og að framan greinir ætlaðist HHÍ til þess að auglýsingin sýndi vinninga að fjárhæð ein milljón eða hærri. Þó gengið væri út frá að auglýsingin sýni þetta, vantaði þrátt fyrir það vinninga hjá SÍBS í september og október að verðmæti fjórar milljónir kr. HHÍ hefur viðurkennt mistök sín hvað þetta varðar og birt leiðréttingu.
7. Í auglýsingunni segir að í janúar og desember hjá SÍBS sé hluti vinninga færður frá síðasta ári/til næsta árs. Auglýsinganefnd telur að þetta sé villandi þar sem í öðrum mánuðum ársins kemur ekki fram að hæstu vinningar sem ekki ganga út færast á milli mánaða.
8. Í auglýsingunni segir í dálki HHÍ að ákveðnir vinningar að fjárhæð ein milljón og herra hafi fallið á trompmiða. Í a-lið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 13/1973 um HHÍ segir um trompmiða (sk. B-flokk): „...*auk þess er heimilt að gefa út sérstakan flokk, B-flokk, sem hafa skal fimmfalt gildi á við hvern hinna flokkanna, bæði að því er varðar endurnýjunariðgjald og fjárhæð vinninga.*“ Auglýsinganefnd telur ljóst að trompmiðar HHÍ samsvari fimm einföldum vinningum og það sé því villandi að sýna t.d. 200.000 kr. vinning sem einnar milljón kr. vinning á trompmiða þar sem tilviljun ræður hvort vinningurinn margfaldast eða ekki. Af sömu ástæðu telur auglýsinganefnd að ekki sé heldur hægt að segja, eins og HHÍ heldur fram í athugasemdum sínum, að sérvinningaskrá gildi fyrir trompmiða.

Auglýsinganefnd telur að sé samanburður notaður í auglýsingum þurfi að gæta þess alveg sérstaklega að hann sé sanngjarn, bæði gagnvart keppinautum og neytendum, samanburðaratriði séu byggð á réttum forsendum og valin á sanngjarnan hátt. Með hliðsjón af framansögðu telur auglýsinganefnd auglýsingu HHÍ villandi sbr. 21. gr. samkeppnislaga.

2.

Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga, telur auglýsinganefnd að auglýsing HHÍ sem birtist þann 5. janúar 1998, með fyrirsögninni „*Hringdu núna og settu*

heppnina á kortið“, innihaldi ranga fullyrðingu. Þessi niðurstaða grundvallast á eftirfarandi:

1. Í auglýsingunni kemur fram að fyrir 700 kr. sé hægt að tryggja sér tugi milljóna kr. hjá HHÍ. Af gögnum málsins má sjá að hæsti mögulegi vinningur fyrir 700 kr. nær ekki tugum milljóna kr. heldur fimm milljónum kr. Fullyrðingin er því röng.

3.

Auglýsingabæklingur HHÍ með fyrirsögninni: „*Þú átt mestu möguleikana og von á hæstu vinningunum*“ er ekki villandi. Þessi niðurstaða grundvallast á eftirfarandi:

1. Í bæklingi HHÍ segir: „*Þú átt mestu möguleikana*“. Með vísan til þess að í öðru álitu auglýsinganefndar, um auglýsingar SÍBS, kemur fram að hæstu vinningslíkur eru hjá SÍBS og að þar sé líklegast að fá vinning þá er ekki fullkomlega ljóst hvað happdrættið eigi við með þessari fullyrðingu. Þrátt fyrir það telur auglýsinganefnd ekki tilefni til athugasemda vegna þessarar fullyrðingar.
2. Í bæklingi HHÍ segir: „*70% vinningshlutfall. Ekkert íslenskt happdrætti greiðir meira út í vinninga.*“. Báðar þessar fullyrðingar eru réttar. Auglýsinganefnd bendir á að, eins og fram kemur í öðru álitu auglýsinganefndar um auglýsingar SÍBS, þá er áætlað vinningshlutfall SÍBS hærra en HHÍ. Aftur á móti er það rétt að ekkert íslenskt happdrætti greiðir út hærri fjárhæð í vinninga þar sem velta HHÍ er meiri en SÍBS. Auglýsinganefnd telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við ofangreindar fullyrðingar.

IV.

Niðurstöður

1.

Samkeppnisráð er í öllum atriðum sammála niðurstöðu auglýsinganefndar í máli þessu.

Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 sem hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

telur samkeppnisráð að auglýsing HHÍ með fyrirsögninni „Milljónavinningar 1997“ sé villandi. Með vísan til 51. gr. samkeppnislaga er HHÍ bannað að birta auglýsinguna aftur. Jafnframt bannar samkeppnisráð HHÍ að fullyrða að hægt sé að tryggja sér tugi milljóna króna fyrir 700 kr. þar sem það er rangt.

2.

Í máli þessu hefur HHÍ komið fram með athugasemdir um málsmeðferð Samkeppnisstofnunar.

Meðal þeirra atriða í málsmeðferð sem kvartað er yfir, er að bréf Samkeppnisstofnunar til HHÍ frá 12. janúar beri þess merki að ekki hafi verið leitað réttra upplýsinga um staðreyndir, heldur hafi gagnrýnislaust verið tekið við athugasemdum frá keppinauti HHÍ. Þá kemur fram að bréf HHÍ frá 9. janúar hafi ekki verið umsögn happdrættisins um kvörtun SÍBS og jafnframt er sett fram fyrirspurn um hvernig innihald þess bréfs hafi borist til SÍBS. Einnig eru gerðar athugasemdir við að svo virðist sem Samkeppnisstofnun hafi að eigin frumkvæði gagnrýnt ýmis atriði í auglýsingu HHÍ. Þá er kvartað yfir að Samkeppnisstofnun hafi ekki gætt jafnræðis og réttra vinnubragða við málsmeðferðina. Samkeppnisstofnun hafi brotið gegn andmælarétti sem sé tryggtur í stjórnslulögum og því jafnræði sem aðilum stjórnslumáls á að vera tryggt með lögum. Þá hafi stofnunin látið undir höfuð leggjast að rannsaka málið sem skyldi áður en álit var gefið.

Jafnframt er þess krafist að Samkeppnisstofnun birti opinberlega afsökunarbeiðni til HHÍ vegna framangreindra atvika eða rétti hlut þess með öðrum hætti.

Tilfni máls þessa er kvörtun frá SÍBS sem Samkeppnisstofnun barst þann 9. janúar 1998 vegna auglýsingar HHÍ sem birtist í Morgunblaðinu sama dag. Samdægurs var kvörtun SÍBS boðsend HHÍ til umsagnar og var HHÍ þannig boðið að koma að athugasemdum sínum við kvörtunina í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga. Jafnframt var þess óskað að auglýsingin yrði ekki birt aftur þar til niðurstaða Samkeppnisstofnunar lægi fyrir. HHÍ var gefinn frestur til hádegis miðvikudaginn 14. janúar til að koma að athugasemdum. Skrifleg umsögn HHÍ barst hins vegar samdægurs. Þar er því m.a. lýst að HHÍ ætli að bregðast við kvörtun SÍBS með þeim hætti að birta auglýsinguna aftur í Morgunblaðinu, breytta eða leiðrétta, þrátt fyrir tilmæli Samkeppnisstofnunar um að birta auglýsinguna ekki aftur fyrr en niðurstaða lægi fyrir.

Að mati samkeppnisráðs leikur enginn vafi á því að framangreint bréf HHÍ og endurbirtingu auglýsingarinnar bar að líta á sem umsögn þess og svar við kvörtun SÍBS, enda bar bréfið ekki annað með sér. Þá er ekki venja að umsagnir berist stofnuninni í skömmtum nema þess sé sérstaklega getið. Þar sem svar hafði borist taldi Samkeppnisstofnun nauðsynlegt að koma á framfæri við HHÍ athugasemdum við auglýsinguna þá þegar. Var það gert með bréfi stofnunarinnar til HHÍ dags. 12. janúar sl. Í bréfi Samkeppnisstofnunar er ekki einungis tekið á atriðum sem SÍBS nefndi í kvörtun sinni heldur er bent á þau atriði sem stofnunin taldi athugasemdir í auglýsingunni. Samkvæmt 6. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 672/1994, er samkeppnisyfirvöldum að fullu heimilt að taka mál til meðferðar, hvort heldur er á grundvelli aðsendra erinda eða að eigin frumkvæði. Enn var gætt andmælaréttar HHÍ, þar sem happdrættinu var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Til þess var gefinn viku frestur. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að í bréfi Samkeppnisstofnunar frá 12. janúar sl. felst ekki stjórnvaldsákvörðun, heldur er um óbindandi tilmæli að ræða. Athugasemdir bárust frá HHÍ og málið því sent til ákvörðunar samkeppnisráðs. Í samræmi við ákvæði stjórnslulaga og vinnureglur Samkeppnisstofnunar var gagnaðila málsins sent afrit af bréfinu. Vitneskja SÍBS er því fengin þaðan.

HHÍ heldur því fram að Samkeppnisstofnun hafi ekki leitað réttar upplýsinga um staðreyndir. Er þar eflaust átt við álit Samkeppnisstofnunar á fyrirsögn auglýsingarinnar og skilningi á eiginleikum trompmiða en um þau atriði hefur verið fjallað hér að framan.

Samkeppnisráð telur að jafnræðis aðila, HHÍ og SÍBS, hafi verið að fullu gætt í þessu máli sem og öðru sem um er fjallað í ákvörðun samkeppnisráðs nr.

15/1998. Báðum aðilum var gefinn kostur á að koma á framfæri öllum sínum sjónarmiðum en sá er munur á þessum málum að HHÍ birti auglýsingu aftur þrátt fyrir tilmæli Samkeppnisstofnunar um að svo yrði ekki gert.

HHÍ heldur því fram að Samkeppnisstofnun hafi látið undir höfuð leggjast að rannsaka málið sem skyldi. Eins og að framan greinir var verið að rannsaka málið þegar svar HHÍ barst stofnuninni og auglýsingin birtist aftur. Það var mat Samkeppnisstofnunar að þessi viðbrögð sýndu að HHÍ hefði tekið þá afstöðu að ekkert væri athugavert við auglýsingu þeirra og að öll gögn aðila væru komin fram. Samkeppnisstofnun mat það því svo að tímabært væri að afstaða stofnunarinnar kæmi í ljós og voru HHÍ því send fyrirnefnd tilmæli þann 12. janúar sl.

Í ljósi þessa alls telur samkeppnisráð að gætt hafi verið ákvæða stjórnsýslulaga í þessu máli.

V.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Hapdrætti Háskóla Íslands, Tjarnargötu 4, Reykjavík, að birta auglýsinguna „Milljónavinningar 1997“ sem birtist 9. og 10. janúar sl. þar sem hún er villandi.

Jafnframt bannar samkeppnisráð Hapdrætti Háskóla Íslands að fullyrða að hægt sé að tryggja sér tugi milljóna króna fyrir 700 krónur þar sem það er rangt.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 10/1998](#)]